

118. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn mánudaginn 21.03. 2016, kl. 20.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Anton Ragnarsson formaður,
Þóra Olsen,
Pétur Pétursson,
Svandís J. Sigurðardóttir,
Alexander F. Kristinnsson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 07.12. 2015, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 117. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá Fiskistofu dags. 15.12. 2015, varðandi umsókn frá Fiskmarkaði Snæfellsbæjar ehf. Snoppuvegi 1, Ólafsvík, um endurvigtunarleyfi. Samþykkt samhljóða að Fiskmarkaði Snæfellsbæjar ehf. verði veitt umbeðið leyfi.
3. Bréf frá umhverfis og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar dags. 14.01. 2016, varðandi deiliskipulagstillögu Hótelis Búða í Snæfellsbæ. Hafnarstjórn gerir þær athugasemdir, að bryggja sem er í eigu hafnarsjóðs er samkvæmt tilögunni innan lóðarmarka Hótelis Búða. Telur hafnarstjórn þessa tilhögun ekki koma til greina og leggur til þá breytingu að bryggjan og aðkomuleið að henni verði fyrir utan lóðarmörk hótelsins. Þá bendir hafnarstjórn á að bryggjan er í eigu Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar. Samþykkt samhljóða. Hafnarstjóri kynnti bréf dags. 03.02. 2016, til umhverfis og skipulagsnefndar vegna málsins og gerði hafnarstjórn ekki athugasemdir við efni bréfsins, samþykkt samhljóða.
4. Bréf frá Vegagerðinni dags. 19.01. 2016, varðandi útboð á efniskaupum vegna Rifshafnar, Norðurkantur – endurbygging stálþils. Fram kemur í bréfinu að útboðsgögn verði tilbúin til afhendingar 26.01. 2016 og að tilboð verði opnuð 24.02. 2016. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við þetta verklag.
5. Bréf frá N1, h.f. dags. 26.01. 2016, vegna umsóknar um að setja upp olíuafgreiðslu við höfnina á Arnarstapa. Sama erindi er til umfjöllunar hjá umhverfis og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar. Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.
6. Bréf frá Vegagerðinni dags. 24.02. 2016, varðandi opnun tilboða í efniskaup fyrir Rifshöfn, Norðurkantur – endurbygging stálþils. Hafnarstjóri kynnti fundargerð Ríkiskaupa við opnun tilboða dags. 24.02. 2016, en þar kemur fram að 4 tilboð hafi borist. Vegagerðin leggur til í bréfinu að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Guðmund Arason ehf. á grundvelli tilboðsins að upphæð EUR 444.609. sem eru kr. 78.368.000. ÍKR. m/vsk. Samþykkt

samhljóða að ganga til samninga við Guðmund Arason ehf. á grundvelli tilboðsins og hafnarstjóra falið að ganga frá málinu.

7. Deiliskipulag hafnarsvæðis Ólafsvíkurhafnar. Hafnarstjóri kynnti tillöguna og fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulaginu eftir að frestur til athugasemda rann út. Deiliskipulagið samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.
8. Gjaldskrá hafnarsjóðs. Hafnarstjóri kynnti gjaldskrána og fór yfir helstu liði hennar. Gjaldskráin samþykkt samhljóða og tekur hún gildi 01.04. 2016.
9. Aðalskipulag Snæfellsbæjar tímabilið 2015 – 2031. Hafnarstjóri kynnti hugmyndir um skipulag hafna og hafnasvæða í Snæfellsbæ á tímabilinu. Hafnarstjórn tekur jákvætt í þessar hugmyndir og ræddi ýmsa möguleika varðandi þær og felur hafnarstjóra að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.50

Anton Ragnarsson formaður.

Þóra Olsen.

Svandís J. Sigurðardóttir.

Alexander F. Kristinnsson.

Pétur Pétursson.

Björn Arnaldsson hafnarstjóri.